

Ár 1996, miðvikudaginn 3. júlí, var í málínu nr. 6/1996 kveðinn upp af Yfirlasteignamatsnefnd svohljóðandi

## ÚRSKURÐUR

Með bréfi dags. 17. apríl 1996 kærir Karl Axelsson hdl., f.h. Óttars Yngvasonar og Oddnýjar Kristjánsdóttur, eigenda fasteignanna Haffjarðarár og Oddastaðavatns, til Yfirlasteignamatsnefndar ákvarðanir sveitarstjórna Kolbeinsstaðahrepps og Eyja- og Miklaholtshrepps um álagningu fastteignaskatts.

Kröfur kæranda eru þær, að fyrri ákvörðunum viðkomandi sveitarstjórna verði breytt á þá leið að umræddar fasteignir falli undir álagningarflokk skv. staflið (a) í 3. gr. laga nr. 4/1995, þ.e. 0,360% af álagningarstofni, í stað stafliðs (b) sömu greinar, 1,250% af álagningarstofni, eins og nú er.

Í bréfi kæranda segir m.a.:

"Eins og kunnugt er og óþarfi ætti að vera að rekja sérstaklega eru laxveiðiáin Haffjarðará og Oddastaðavatn metin sem sérstakar fasteignir. Eru umrædd fasteignaréttindi aðallega fólgin í formi veiðiréttar og arðs af honum. Með vísan til laga um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. nú laga nr. 4/1995, hefur hreppsnefnd ákvarðað álagningu fastteignaskatts á nefndar eignir á grundvelli b-liðar 1. mgr. 3. gr. tilvitnaðra laga. Er það sú ákvörðun sem krafist er breytinga á þannig að álagning verði ákvörðuð á grundvelli a-liðar, 1. mgr. 3. gr. laganna.

Um rökstuðning vísa umbjóðendur mínr til þess að með úrskurði yfirlasteignamatsnefndar þann 10. október s.l. í málínu nr. 1/1995 var komist að þeirri niðurstöðu að stofn til álagningar fasteignagjalda á laxveiðiréttindi jarðarinnar Ásbjarnarstaða, Borgarbyggð, í þverá skyldi ákvarðaður á grundvelli a-liðar, 1. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995. Umbjóðendur mínr telja að með umræddum úrskurði hafi Yfirlasteignamatsnefnd tekið stefnumarkandi og fordæmisskapandi ákvörðun um forsendar álagningar fasteignagjalda á umrædd réttindi, þ.e. veiðiréttindi. Ljóst sé þannig að umrædd réttindi séu nýtt og þeim ráðstafað með námkvæmlega sama hættinum í báðum tilvikum, þ.e. í tilviki eigenda Haffjarðarár annarsvegar og eigenda Ásbjarnarstaða hinsvegar. Veiðiréttinum sé ráðstafað til stangaveiði gegn gjaldi, þó fyrir milligöngu veiðifélags þverár í tilviki Ásbjarnastaða. Sé sú ráðstofun óháð því að í öðru tilvikinu stundi eigandi réttindanna jafnframt búskap á jörð þeirri sem réttindin fylgja. Hvort sem slík niðurstaða verði talið samrýmast lögskýringu 3. gr. laga nr. 4/1995 eða ekki, þá telja umbjóðendur mínr að niðurstaða sem feli það í sér að þeim sé undir þessum sömu kringumstæðum gert að greiða fasteignagjöld af hærri

prósentu álagningarástofns heldur en aðrir eigendur veiðiréttinda, sbr. nefnda 3. gr., sé skýrt brot á almennri jafnræðiseglu og er í því sambandi vísað bæði til jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrár og jafnræðisreglu 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Telja umþjóðendur míni jafnframt að slík mismunun brjóti í bága við grunnrök 72. gr. stjórnarskrár um vernd eignarréttar."

Haffjarðará liggur að hálfu í Eyja- og Miklaholtshreppi og að hálfu í Kolbeinsstaðahreppi, en Oddastaðavatn að 3/4 hlutum í Eyja- og Miklaholtshreppi og að 1/4 hluta í Kolbeinsstaðahreppi. Með bréfum dags. 9. maí 1995 óskaði Yfirlasteignamatsnefnd eftir umsögnum hreppsnefnda Eyja- og Miklaholtshrepps og Kolbeinsstaðahrepps um framangreinda kæru. Svör bárust af hálfu beggja hreppsnefnda með efnislega samhljóða bréfum Jóhanns H. Nielssonar hrl. dagsettu 31. maí 1996. Af hálfu beggja hreppsnefnda er krafist staðfestingar á ákvörðunum hreppsnefndanna um álagningu fasteignaskatts skv. b. lið 2. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995.

Í bréfi lögmannsins sem hefur geyma umsögn Kolbeinsstaðahrepps segir um forsendar ákvörðunar hreppsnefndar:

"Hreppsnefndin fjallaði á fundi sínum þetta mál og taldi að Haffjarðará og Oddastaðavatn gætu ekki fallið undir upptalningu á fasteignum sem getið er undir lið-a. í 3. mgr. 3. gr. l. nr. 4/1995.

Við ákvörðun sína byggir hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps á því að í b-lið í 3. mgr. 3. gr. l. 4/1995 komi fram aðalregla, sem beita eigi við álagningu skatts á fasteignir, en í upptalningu a-liðs 3. mgr. 3. gr. sé að finna undantekningar frá þessari aðalreglu.

Hreppsnefndin telur að slíkar undantekningar frá aðalreglu beri að skýra þróngt og fær ekki séð að fasteignir þær sem kært er út af geti með nokkru móti fallið undir upptalningu a-liðs í 3. mgr. 3. gr. l. nr. 4/1995 og skorti því lagagrundvöll til þess að verða við kröfu kæranda.

Kærendur sýnast aðallega byggja kröfur sínar á því að við lögfestingu 3. mgr. 3. gr. l. nr. 4/1995 hafi ekki verið gætt almennrar jafnræðsreglu og sé því lagaákvæðið andstætt 65. gr. og 72. gr. Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands.

Draga verður í efa að það falli undir úrskurðarvald Yfirlasteignamatsnefndar að fjalla um þá málsástæðu."

Í bréfi lögmannsins, sem felur í sér umsögn hreppsnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps, er samhljóða texti um forsendur ákvörðunar.

### Forsendur og niðurstaða:

Kærendor krefjast að ákvörðunum um álagningu fasteignagjalfa verði breytt á þá leið að fasteignirnar Haffjarðará og Oddastaðavatn falli undir staflið (a) í 3. gr. laga nr. 4/1995 í stað stafliðar (b), sem ákvarðanir hreppsnefnda byggja á.

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 er fasteignum skipt í two gjaldflokka við álagningu fasteignaskatts. Af fasteignum sem falla undir upptalningu í staflið (a) ákvæðisins skal skatturinn vera allt að 1/2% af álagningarstofni en samkvæmt staflið (b) allt að 1,32% af öllum öðrum fasteignum. Fasteignir sem falla undir staflið (a) eru:

"Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd og jarðeignir, sem ekki eru nytjaðar til annars en landbúnaðar, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum."

Fasteignirnar Haffjarðará og Oddastaðavatn eru samkvæmt fasteignaskrá sérstakar fasteignir. Ágreiningslaust er að fasteignaréttindi, sem þeim tilheyra, hafa verið aðskilin frá þeim jörðum, sem þau upphaflega tilheyrðu og mun sá aðskilnaður hafa orðið fyrir gildistöku laga nr. 61/1932 um lax- og silungsveiði.

Það er eigi á valdi Yfirfasteignamatsnefndar að úrskurða um hvort tiltekin lög samrýmist ákvæðum stjórnarskrár. Fasteignirnar Haffjarðará og Oddastaðavatn falla ekki undir þær fasteignir sem upp eru talðar í staflið (a) í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995, en telja verður þá upptalningu tæmandi.

Samkvæmt framansögðu eru ekki rök til að taka til greina kæru þá, sem í máli þessu greinir.

### ÚRSKURÐARORÐ

Framangreindri kæru eigenda fasteiganna Haffjarðarár og Oddastaðavatns er hafnað.



Pétur Stefánsson



Guðny Björnsdóttir



Agnar Gústafsson